

Íslandsmót kjölbáta 2014

14. - 17. ágúst 2014

Siglingafélagið Ýmir

Keppt verður á Skerjafirði og nágrenni

Tilkynning um keppni

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum ISAF
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt 20. grein reglugerða Alþjóðasiglingasambandsins
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 miðvikudaginn 13. ágúst með tölvupósti á keppni@siglingafelag.is. Taka þarf fram nafn báts, nafn skipstjóra, fjölda í áhöfn með skipstjóra, seglanúmer, forgjöf og félag sem keppt er fyrir. Þó er hægt er að skrá allt fram að skipstjórafundum, en þá hækkar þáttökugjald. Greiða má þáttökugjald inn á reikning 1135-26-6634 kt. 470576-0659 og senda tilkynningu á keppni@siglingafelag.is.

5. Þáttökugjald

Þáttökugjald á hvern áhafnarmeðlim verður kr. 2.000. Gjaldið hækkar í kr. 3.000 ef skráning berst eftir kl. 21:00 miðvikudaginn 13. ágúst.

6. Tímaáætlun

14. ágúst:

Móttaka þáttökugjalds og áhafnarlista og afhending
kappsiglingafyrirmæla frá kl. 17:00 – 17:30
Skipstjórafundur kl. 17:30
Fyrsta viðvörunarmerki 18:25
Stefnt að einni til tveimur umferðum
Ekki verður ræst eftir kl. 20:30

15. ágúst:

Skipstjórafundur kl. 14:00
Fyrsta viðvörunarmerki 14:55
Stefnt að þrem til fimm umferðum
Ekki verður ræst eftir kl. 20:30

16. ágúst:

Skipstjórafundur kl. 9:00
Fyrsta viðvörunarmerki 9:55
Stefnt að fjórum til sex umferðum
Ekki verður ræst eftir kl. 17:00
Opið hús verður í félagsheimili Ýmis frá kl. 19:00 og fram eftir kvöldi.
Seldir verða drykkir og kveikt verður á grilli fyrir þá sem vilja koma með eitthvað á það.

17. ágúst:

Varadagur

Skipstjórafundur kl. 10:00
Fyrsta viðvörunarmerki 10:55
Ekki verður ræst eftir kl. 16:00

Stefnt er að átta umferðum í mótinu, náist það ekki telst því þó lokið.

7. Mælingar

Keppt verður samkvæmt IRC forgjöf og skal framvísa gildu mælibréfi fyrir alla báta.

8. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða afhent fyrsta keppnisdag og birtast á heimasíðu Ýmis daginn áður.

9. Keppnissvæði

Keppt verður á Skerjafirði og nágrenni hans.

10. Keppnisbrautir

Keppnisbrautum verður lýst í kappsiglingafyrirmælum.

11. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

Ef kepptar verða fimm eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

12. Samskipti

Bátar skulu ekki hafa samskipti með farsíma eða talstöð sem ekki eru

aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

13. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin og miðað við sex í áhöfn.

14. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Ýmis strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

15. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

16. Tryggingar

Allir bátar skulu hafa gilda ábyrgðartryggingu gagnvart þriðja aðila.

17. Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar fást hjá Friðriki Hafberg í síma 898 0855 eða með tölvupósti á keppni@siglingafelag.is

Siglingafélagið Ýmir

Naustavör 20, pósthólf 444, 202 Kópavogur

Sími: 554 4148

Kennitala: 470576-0659

Banki: 536-26-6634

Vefsíða: www.siglingafelag.is